

Reglugerð
um breytingu á reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, nr. 522/2004,
með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „og brunabótamati íbúðarinnar“ í 1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. reglugerðarinnar:

1. 2. mgr. fellur brott.
2. Í stað orðanna „a-c-lið 3. mgr.“ í 3. mgr. kemur: a-c-lið 2. mgr.


3. gr.

Orðin „og brunabótamats“ í 2. mgr. 31. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett er með stoð í 2. mgr. 19. gr., 20. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, og öðlast gildi 21. júní 2008.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. júní 2008.



Jóhanna Sigurðardóttir.



Ágúst Geir Ágústsson.